



1. Dvalarheimilið Silfurtún

Á undanförunum árum hefur umtalsverður halli verið á rekstri dvalarheimilisins Silfurtúns. Hallareksturinn er svo til eingöngu vegna þess að ekki eru viðurkennd nógu mörg hjúkrunarrými á heimilinu.

Starfsmenn eru nú 21, þar af 13,8 í heilsársstarfi.

Á Silfurtúni dvelja í dag 18 íbúar sem skiptast þannig:

- 7 eru í hjúkrunarrýmum
- 8 eru í dvalarrýmum
- 3 eru leigjendur

Af 8 vistmönnum í dvalarrýmum eru 6 hjúkrunarsjúklingar sem þurfa og ættu að vera í hjúkrunarrýmum, 3 þeirra eru til að mynda í hjólastól. Allir þessir vistmenn fá alla þá hjúkrun og umönnun sem þeir þurfa, þ.e. eins og þeir væru í hjúkrunarrými enda þykir stjórnendum og starfsfólki heimilisins ekki annað boðlegt.

Kostnaðurinn er því mun meiri en svo að dvalarrýmisdaggjöld standi undir honum. Það eru aðallega tvær skýringar á þessu misræmi sem að ofan er lýst:

1. Þeir íbúar sem upphaflega komu inn í Silfurtún sem tiltölulega frískir leigjendur eru nú orðnir mikið eldri og veikari. Þessir íbúar vilja dvelja áfram í Silfurtúni þó svo að heilsu þeirra hafi hrakað, aðstandendur þeirra vilja það sömuleiðis og sama gildir um stjórnendur og starfsmenn Silfurtúns.
2. Eftirspurn eftir dvalarrýmum er engin nú til dags, það eru eingöngu hjúkrunarsjúklingar sem óska eftir að komast inn á öldrunarstofnanir. Fólk vill nefnilega dvelja í heimahúsi eins lengi og heilsan leyfir. Við höfum því lent í þeirri stöðu að dvalarrými hefur losnað og engir umsækjendur verið um það. Á sama tíma hafa verið hjúkrunarsjúklingar að bíða eftir hjúkrunarrými og búið við erfiðar og jafnvel óásættanlegar aðstæður heima. Í þeirri stöðu höfum við séð okkur knúin til að taka hjúkrunarsjúkling inn í laust dvalarrými.

Á biðlista Silfurtúns eru í dag 4 einstaklingar, 2 þeirra eru hjúkrunarsjúklingar, 1 er maki hjúkrunarsjúklings og 1 er einstaklingur í Reykjavík sem er á biðlista allra öldrunarstofnana á landinu. Þar að auki er eftir að gera vistunarmat fyrir 3 einstaklinga sem allir eru hjúkrunarsjúklingar (vistunarmat þarf til að komast á biðlista). Það má því segja að í Dalabyggð bíði 5 hjúkrunarsjúklingar eftir plássi á Silfurtúni ásamt maki þeirra.

Hallarekstur á Dvalarheimilinu Silfurtúni hefur verið mikill undanfarin ár.

Árið 2005 var halli á rekstri 13,4 millj., árið 2006 var halli á rekstri 14,7 millj.

Er það ljóst að rekstur Silfurtúns er erfiður fyrir lítið sveitarfélag sem berst fyrir því að geta veitt því fólki, sem skilað hefur sínu til samfélagsins, viðunandi þjónustu.

Með vísan til framanritaðs er þess hér með óskað að fjárlaganefnd Alþingis tryggi að á fjárlögum 2008 verði fjármagn til að greiða með 15 hjúkrunarrýmum í stað sjö. Einnig verði séð til þess að fjármagn verði veitt til að greiða upp halla síðasta árs, jafnframt því er óskað eftir 35 milljónum vegna nauðsynlegra viðbygginga og annarra lagfæringa.



2. Vegaframkvæmdir í Dalabyggð

Dalabyggð er víðfermt og dreifbýlt sveitarfélag. Forsenda traustrar búsetu eru greiðfærir og góðir vegir. Margt hefur áunnist í vegabótum á sl. árum en eru mörg handtök eftir enn.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur áherslu á eftirfarandi vegaframkvæmdir:

- **Vegur nr. 60 í gegnum Dali** er á næstu misserum, að taka við, stóraukinni umferð bíla, þegar nýr vegur um Arnkötludal verður að veruleika næsta haust. Er það nauðsynlegt að búið verði að ljúka endurbótum á veginum fyrir þann tíma, hann verði lagfærður og einbreiðum brúm fækkað sem fyrst, sér í lagi um Miðdali.
- **Uppbyggingu vega um Skógaströnd og Laxárdal** verði hraðað sem kostur er. Í dag er mikil umferð um báða þessa vegi og stórlega hefur aukist umferð þungaflutningabíla og eru vegirnir í engu standi til að flytja þessa umferð. Sú fjárveiting sem ætluð er í Laxárdalsveg er allt of lág og ljóst er að ekki verður hægt að gera viðunnandi veg fyrir þá fjárveitingu.
- **Uppbyggingu vega um Haukadal og Klofningsveg.** Að Eiríksstöðum í Haukadal koma að jafnaði 15.000 ferðamenn á ári og í vetur munu koma í hverri viku 100 nemendur að jafnaði. Er vegurinn hættulegur ferðamönnum bæði þar sem hann liggur á 4 km svæði í hlíðinni fyrri ofan Haukadalsvatn og á þeim kafla sem slitlag er, er hann mjór og erfitt að mætast á honum. Klofningsvegur hefur notið æ meiri vinsælda vegna mikillar náttúrfegurðar sem blasir við á hringferð um Strandir. Er vegurinn ekki boðlegur heimamönnum né ferðamönnum, og er daglegur skólaakstur barna um veginn.

Bæta þarf aðgengi íbúa að þjóðvegi 60 t.d. vegna skólaaksturs og þess að stór hluti íbúa sveitarfélagsins fer langar leiðir til vinnu. Á mörgum safnvegum eru svæði sem safna miklum snjó og gera oft á tíðum umferð skólabíla og íbúa til vinnu ótrygga og á köflum hættulega.



3. Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum

Ungmenna – og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal eru samstarfsverkefni Dalabyggðar og UMFÍ og hafa búðirnar verið starfræktar síðan í janúar 2005

Búðirnar eru fyrir unglinga í 9. bekk og dvelja nemendur frá mánudegi til föstudags og markmiðin eru m.a. eftirfarandi:

- Efla sjálftraust.
- Hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða.
- Læra mikilvægi forvarna.
- Kynna ábyrgð fjármála.
- Vinna markvisst gegn einelti.
- Kynna ábyrgð fjármála.
- Læra að vera þátttakandi í félagsstörfum á anda UMFÍ.
- Læra um mikilvægi hollra lífnaðarháttá



Þýðing skólábúðanna fyrir Dalabyggð er fyrst og fremst fólgin í því að verkefnið skapar allt að 8 störf ásamt því að fullnýta húsnæðið sem annars væri ónotað. Aðsókn hefur verið mjög góð og hafa allir þeir skólar sem komið hafa pantað aftur fyrir sína nemendur.



Skólaárið 2005 komu alls 1.176 unglingar.
Skólaárið 2006 komu alls 1.553 unglingar.
Skólaárið 2007 eru bókaðir 1.837 unglinga.
Gjald fyrir hvern einstakling er kr. 12.000.

Tómstundabúðirnar á Laugum eru komnar í samstarf við Fröbelseminaríet í Danmörku, sem koma til með að senda tvo nemendur í tómstundafræðum á önn til starfsnáms í Tómstundabúðunum á Laugum. búðunum.

Til að starfsemi tómstundabúðanna verði áfram tryggð, sækir Dalabyggð um 15 milljónir sem notast skulu til að bæta aðstöðu og umhverfi unglinganna enn frekar og til nauðsynlegs viðhalds mannvirkja.





4. Safn Leifs Eiríkssonar – safna og menningarhús

Dalirnir eru vagga landafundanna og eru fá héruð sem eiga eins marga sögustaði og Dalasýsla. Uppbygging menningartengdrar ferðapjónustu er því vel við hæfi á þessum sögufrægu slóðum og eru mikil sóknafæri fyrir Dalamenn þar sem reiknað er með að umferð gegnum Dali komi til með að aukast mikið á komandi árum í kjölfar opunar vegar yfir Arnkötludal. Til að koma til móts við vaxandi ferðamannastraum um héraðið, að fá tækifæri til að stoppa hann af til að nýta sér þá þjónustu sem hér er í boði, t.d mat og gistingu, þurfum við jafnframt að vera með afþreyingu í boði.

Safnið er til húsa í gamla kaupfélagshúsinu niður við nýju smábátahöfnina í Búðardal. Ásamt því að hýsa Leifssafn verður landafundum gerð skil með veglegri sýningu ásamt því að sett verður upp héraðssýning þar sem þemað eru Sturlungar og Laxdæla. Uppi á lofti, undir súð, er möguleiki að koma upp sagnalofti þar sem hægt verður að bjóða upp á viðburði. Þá verður einnig í húsinu kaffihús og upplýsingamiðstöð ferðamanna.



Hér er um dýrar framkvæmdir að ræða í fámennu byggðarlagi en við teljum að þær séu í þágu allrar þjóðarinnar og verði jafnframt til að treysta samskipti og vináttubönd við aðrar þjóðir við Atlantshaf. Lögð verður áhersla á að rifja upp hina fornu meginleið landafundamanna frá Íslandi sem segja má að liggi frá Eiríksstöðum í Haukadal, um Brattahlíð í Grænlandi, áfram til L,Anse aux Meadows á Nýfundnalandi og Quebec í Kanada og New York í Bandaríkjunum.

Enn höfum við ekki getað opnað safnið sökum fjárskorts. Er nú lokið tveimur áföngum af þremur í uppbyggingunni, annarsvegar lóðin í kringum safnið og hins vegar kaffihús og lítill salur. Eftir standa aðalsýningarsalur og sagna- og fræðaloft. Er það alveg ljóst að húsið kemur ekki neinum að gangi fyrr en framkvæmdum við það er lokið. Því hvetjum við ykkur að horfa jákvæðum augum á ósk okkar um fjármagn til verksins, ljóst er að á meðan safnið ekki opnar þá skilar sér ekkert til baka, hvorki til ríkis né sveitarfélags.

Til að ljúka megi við verkið í heild sinni og koma af stað sýningum í húsinu þarf til verksins kr. 70 milljónir.



5 . Eiríksstaðir

Uppbyggingin á Eiríksstöðum hefur mikla þýðingu fyrir Dalabyggð. Með opnun Eiríksstaða hefur orðið áþreifanleg aukning ferðamanna um byggðarlagið.

Dalabyggð hefur markað sér stefnu til eflingar atvinnumöguleikum og tekjusköpun með markvissri uppbyggingu ferðaþjónustu með áherslu á menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu og er þessi stefna nú þegar er farin að skila sér í nýjum störfum. Eiríksstaðir eru eina "lifandi safnið á landinu" þar sem fólki gefst færi á að kynnast menningu og sögu forfeðra okkar.

Eiríksstaðir hafa unnið í samvinnu við skólabúðirnar á Laugum og er von á að meðaltali 100 unglingum á viku fram á næsta vor. Það má segja að ein af betri kennsluáferðum sé að fara með nemendur í lifandi forn bæ og leyfa þeim komast í snertingu við hvernig lifnaðarhættir víkinga voru.

Unnið er að því að vera í góðu samstarfi við skóla og söfn í landsfjórðungnum, sem og annarsstaðar á landinu.

Safnið á Eiríksstöðum er í góðum tengslum við erlenda aðila eins og Brattahlíð á Grænlandi, þar sem Eiríkur rauði og kona hans Þjóðhildur tóku búsetu eftir brotthvarf frá Íslandi og við L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi þar sem norrænar víkingabúðir hafa fundist og talið er að Leifur hafi átt vetursetu.



Dalasysla er eitt af fáum héruðum landsins sem eingöngu hefur byggt á landbúnaði og þjónustu við þá aðila sem í sýslunni búa. Svæðið í heild sinni hefur verið skilgreint sem eitt af jaðarsvæðum landsins. Innan þeirrar skilgreiningar falla m.a. verulega óhagstætt hlutfall heildartekna á hvert mannsbarn í sýslunni, breytingar á atvinnuháttum og þá sérstaklega á störfum í landbúnaði, en þar hefur býlum fækkað jafnframt því að stækka, tæknivæðing aukist og þörf fyrir mannafla minnkað. Öll sú uppbygging sem á sér stað í ferðaþjónustu á svæðinu er atvinnuskapandi fyrir héraðið í heild.

Á ársgrundvelli heimsækja safnið um 15.000 manns og skapar þetta tvö heilsársstörf sem hægt er að auka.

Nú eftir átta ára notkun er húsið farið að láta á sjá og þarfnast töluverðra viðgerða enda talið að líftími húsa sem þessa sé um átta til tíu ár ef viðhald er ekki gott.

Árið 2005 fór fram rannsókn á svokallaðri kvennadyngju á Eiríksstöðum og stóð hún aðeins yfir í fjóra daga þar sem hún var liður í dagskrá Leifshátíðar. Þrátt fyrir stuttan rannsóknartíma fundust í dyngjunni merkar fornminjar. Mikilvægt er að ljúka forleifarannsókn á hinni friðlýstu skálarúst að Eiríksstöðum.

Er það ósk Dalabyggðar að okkur verið tryggt fjármagn til áframhaldandi reksturs, viðhalds og frekari rannsókna að Eiríksstaða að upphæð 12 milljónir vegna ársins 2008.



6. Skarðshöfn - Skarðstöð

Frá Skarðsstöð í Dalabyggð gera nokkrir bændur út bátar á sumrin en þar er flotbryggja. Aðstæður við höfnina þarf að laga til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til uppskipunarhafna, m.a. vantar þar innsiglingarljós og sjósetningarrennu, öll aðstæða er mjög erfið fyrir þá sem þar sjósetja og landa. Einnig er höfnin mikið notuð fyrir sportsiglingamenn og eru bátar þeirra sífellt að verða stærri og stærri þannig að erfitt er fyrir þá að komast að flotbryggjunni.

Vegna mikilla aðsóknar kajakaræðara vantar að laga aðstöðuna með öryggi og aðbúnað ferðamanna í huga.

Það er ósk okkar að fá fjármagn til að laga þann hafnarhaus sem til staðar er og geta þannig tekið á móti stærri bátum.



Æðarsetur í Skarðstöð

Í Skarðsstöð koma margir ferðamenn til að skoða gamla verslunarhúsið sem reist var um 1865 og var starfrækt til 1960 en í því var bæði slátrað og verslað. Þarna sjáum við tækifæri á að gera upp þetta fallega, gamla hús sem verið hefur í mikilli niðurníðslu um áratugaskeið og stofnsetja æðarsetur, en slíkt setur er ekki að finna á Íslandi í dag. Væri þar með komin góð not fyrir húsið og áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn.



Á þessum stað er að finna einhver stærstu æðavörp á landinu, bæði á landi og í Stóru-Örfirisey sem er steinsnar frá Skarðsstöð.

Er Skarð á Skarðströnd mikil hlunnindajörð og ganga má frá því vísu að eitthvað að æðarfuglum haldi til í grenndinni árið um kring. Loks er dúnhreinsunarstöð rekin á Skarði og því væri hægt að sýna á staðnum allan ferilinn, frá því að kollan sest upp í varpi þar til dúnninn er kominn í fallega sæng. Til fróðleiks þá flytja Íslendingar langmest út af þeim æðardúni sem notaður er í heiminum.

Til verkefnisins óskum við eftir 25 milljón króna framlagi og erum þess fullviss að þeim peningum yrði vel varið enda Skarðshöfn eftirsóttur og sérstakur staður, og myndi gera mikið fyrir ferðamál í Dölum bæði í atvinnu- og ferðamálum.



7. Guðrúnarlaug í Sælingsdal

Á Laugum var samkvæmt Laxdælasögu hlaðin setlaug svipuð og í Reykholti, oft kölluð Guðrúnarlaug. Er laugin talin vera í hvamminum ofan við gamla bæjarstæðið. Munu forleifarannsóknir og uppgröftur laugarinnar efla og styðja við þá menningartengdu ferðapjónustu sem er í uppbyggingu í Dalabyggð.



Er það ósk Dalabyggðar að fé fái til frekari rannsóknar og í forleifauppgröft á einu helsta sögusviði Laxdælasögu, einni af okkar þekktustu Íslendingasögum og gera lagina sýnilega þeim stóra hópi, innlendra sem erlendra ferða og fræðimanna sem heimsækja Dalina á hverju ári í vegna áhuga á *Sögunni*.



Dalabyggð

Fjárlaganefnd Alþingis

Vegna fjárlaga 2008

Lagt fram á fundi í Reykjavík 28.09.2007



Efnisyfirlit 28.09.2007

1. Dvalarheimilið Silfurtún – Hallarekstur
2. Vegaframkvæmdir í Dalabyggð
3. Ungmenna- og tómstundabúða að Laugum
4. Safn Leifs Eiríkssonar í Búðardal
5. Eiríksstaðir
6. Skarðshöfn í Skarðstöð
7. Guðrúnarlaug í Sælingsdal



Dalabyggð

Fjárlaganefnd Alþingis

Sveitarstjórn Dalabyggður vill koma á framfæri þakklæti til fjárlaganefndar Alþingis fyrir jákvæðar og góðar undirtektir við afgreiðslu erinda sveitarfélagsins á síðustu árum. Jafnframt vill undirritaður fyrir hönd sveitarstjórnarinnar koma á framfæri eftirfarandi óskum og ábendingum við gerð fjárlaga fyrir árið 2008.

Dalabyggð 25. september 2007
Virðingarfyllt,

Gunnólfur Lárusson
sveitarstjóri